

1. Marta Jónsdóttir hefir ^{24/10} 1928 í lögreglurétti Reykjavíkur undirgengizt 500 króna sekt fyrir áfengissölu.

2. Anna Jónsdóttir og Kristmundur Ólafsson hafa aldrei áður sætt neinni refsingu.

3. Árni Árnason hefir með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum ^{30/11} 1923, verið dæmdur í 200 króna sekt fyrir að geta ekki gjört grein fyrir áfengi, sem hann átti geymt í vörzlum annars manns.

4. Björn hefir ^{26/10} 1927 undirgengizt 400 króna sekt í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir áfengissölu.

Brot þeirra Mörtu Jónsdóttir og Kristmundar Ólafssonar ber að heimfæra undir 3. gr., sbr. 14. gr. reglugjörðar nr. 67/1928. Samkvæmt 32. gr. áfengislaganna þykir refsing þeirra, sem telja verður fullsannað, að hafi stundað áfengissölu sem atvinnu, hæfilega ákveðin 3 mánaða einfalt fangelsi og auk þess greiði Marta Jónsdóttir kr. 1500.00 í sekt í rikissjóð, en Kristmundur kr. 1000.00 í sekt í sama sjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti Marta einföldu fangelsi í 70 daga, en Kristmundur í 50 daga í stað sektarinnar.

Brot þeirra, Árna Árnasonar, Björns Magnússonar og Önnu Jónsdóttir, ber að áliði dómarsins að heimfæra undir 3. gr., sbr. 14. gr. reglugjörðarinnar nr. 67/1928, þykir hún samkvæmt 42. gr. áfengislaganna nr. 64/1928 hæfilega ákveðin handa hvoru þeirra um sig 600 króna sekt í rikissjóð, sem aflánist með 30 daga einföldu fangelsi verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins.

Kostnað sakarinnar greiði hin kærðu in solidum.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 25. okt. 1929.

Nr. 91/1927. **Bjarni Kjartansson, f. h. Kaupfélags**

Skaffellinga (Lárus Fjeldsted)
gegn

Lofti Jónssyni og gagnsök

(Guðmundur Ólafsson).

Verzlunarskuld, gagnkrafa eigi tekin til greina til frádráttar.

Dómur gestaréttar Skaftafellssýslu 3. sept.

1927: Stefnur í aðalsök, Loftur Jónsson, greiði aðalstefnanda í málinu, Bjarna Kjartanssýni, f. h. Kaupfélags Skaffell-inga, kr. 847.13 með 5 % vöxtum frá 1. janúar þ. á. til 15. júlí s.l. og 6 % frá þeim tíma og til greiðsludags. — Stefnur í gagnsök, Bjarni Kjartansson, f. h. K. S., greiði gagnstefnanda, Lofti Jónssýni, sláturfjargjald hans, sem tekið hefir verið á hverju hausti aukalega af hverri kind frá honum, er slátrað hefir verið við sláturhúsið í Vik á vegum Sf. Sl. og K. S. hefir hirt, með þeirri upphæð, sem bækur eða reikningsplögg þessara stofnana sýna, að inn hafi komið, með 5 % ársvöxtum (og vaxtavöxtum) til 16. júlí þ. á. og síðan 6 % til greiðsludags, enda gangi fjárhæð þessi til skuldajafnaðar við ídæmda skuld í aðalsök, það er nemur. — Málskostnaður fellur niður í aðal- sök og gagnsök.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir einnig fyrir hæstarétti verið rekið sem aðalsök og gagnsök.

Í aðalsökinni er aðeins ágreiningur um, hve háa vexti gagnáfrýjandi eigi að greiða. Þar sem hér er um að ræða venjulega verzlunarskuld, er gagnáfrýjanda samkvæmt 38. gr. laga nr. 39, 19. júní 1922 eigi skylt að svara hærri ársvöxtum af skuldinni en 5 % frá eindaga til greiðsludags. Ber því að staðfesta undirréttardóminn í aðalsökinni með þeirri breytingu.

Í gagnsökinni hefir gagnáfrýjandi aðallega krafizt, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 525.10 + kr. 1167.00 = kr. 1692.10 með 5 % vöxtum frá 1. jan. 1927 til greiðsludags, en til vara kr. 900.00 + kr. 272.00, samtals kr. 1172.00 með sömu vöxtum. Svo hefir hann og krafizt málskostnaðar fyrir báðum réttum.

Kröfur aðaláfrýjanda í gagnsök eru hinsvegar, aðallega, að dómur undirréttarins verði ómerktur, en til vara, að hann verði sýknaður. Málskostnaðar fyrir báðum réttum hefir hann og krafizt.

Aðaláfrýjandi rökstyður kröfu sína um ómerking dómsins einkum með því, að dómkröfur gagnáfrýjanda í héraði hafi verið of óákveðnar til þess, að á þeim yrði byggður dómur, að dómari hafi vanrækt að leiðbeina málsaðiljum, er voru ólögfróðir, og að dómurinn sé að nokkru leyti ekki endanlegur, og fari því í bága við fyrirmæli N. L. 1—5 12. Að visu er það nú svo, að allir þessir gallar eru á flutningi og meðferð gagnsakarinnar í héraði, en þar sem gjörðar hafa verið hér fyrir réttinum ákveðnar kröfur, lögð fram ný sakargögn og málið upplýst að öðru leyti, svo að efnisdómur verður á það lagður, þá þykir eigi vera alveg næg ástæða til að ómerkja dóminn fyrir þessar sakir. Ber því að dæma gagnsökina að efni til.

Fyrri liðurinn í aðalkröfu gagnáfrýjanda, um greiðslu á kr. 525.10, felur í sér kröfu hans um endurgjald á fé því, er honum hafði safnast í stofnfjárreikningi hans við kaupfélagið af framlögum hans til stofnbréfa-kaupa, verzlunarágóða í félaginu og vöxtum af inni-eign á stofnfjárreikningi. Telur gagnáfrýjandi sig eiga rétt á að fá nú fé þetta greitt, þar sem hann hafi sagt sig úr félaginu árið 1922 og sé því ekki lengur félagsmaður. En á þetta verður ekki fallið. Í 11. gr. félagslaganna frá 1911, sem aðiljum kemur saman um að eftir beri að fara, segir, að stofnbréfin séu óuppsegjanleg þangað til félagið sé leyst upp, og frá þessari reglu gjöra lögin þá undantekningu, að skylt er að innleysa stofnbréf þeirra, er flytja burt af kaupfélagssvæðinu, en hliðstætt þessu getur það ekki talizt, að félagsmaður segir sig úr félaginu. Það verður því að sýkna aðaláfrýjanda af þessum kröfulið gagnáfrýjanda. Hinn annar liður í aðalkröfu gagnáfrýjanda eða krafa hans um greiðslu á kr. 1167.00 er krafa um endurgreiðslu á sláturfjárgjöldum, er gagn-

áfrýjandi telur kaupfélagið hafa tekið af sér fyrir húslán til slátrunar árin 1917—26, að meðtöldum áðurgreindum 10 kr. til slátruhússbyggingar. Hefir gagnáfrýjandi lagt fram í hæstarétti reikning yfir þetta og eiga 895 kr. af upphæðinni að hafa verið greiddar fyrir árslok 1921, en 272 kr. eftir þann tíma.

Tildrögin til þess, að þetta svonefnda sláturgjald var innheimt, eru sem hér segir. Af gögnum þeim, sem fyrir hendi eru í málinu verður að ganga út frá því, að Sláturfélag Suðurlands hafi sett fjáreigendum það skilyrði, að þeir yrðu sjálfir að sjá fyrir húsrúmi til slátrunarinnar. En þar sem ekki var slátruhús í Vík, léði kaupfélagið í fyrstu eitt af húsum sínum til slátrunarinnar. Má af útdráttum úr aðalfundargjörðum kaupfélagsins, er lagðir hafa verið fram í hæstarétti, sjá, að í fyrstu hefir verið ætlað til, að hver fjáreigandi greiddi aðeins lítið fast gjald, er teldist sem stofnfé og varið yrði til slátruhússbyggingar. En frá og með árinu 1917 og til ársins 1922 ákvað kaupfélagið að taka gjald fyrir hverja kind, er slátrað væri í húsum félagsins, og var það gjald mismunandi og ákveðið fyrir hvert ár í senn. Skyldi einnig þetta gjald verða hlutafé, þ. e. stofnfé í kaupfélaginu. Var það auglýst árlega á deildarfundum félagsins og í slátrunarhúsinu, hve mikið gjald kæmi á kind hverja og innheimti sláturfélagið það hjá fjáreigendum og greiddi til kaupfélagsins.

En kaupfélagið færði hverjum manni gjaldið til tekna á stofnfjárreikningi. Og á aðalfundi kaupfélagsins 15. marz 1920 var það samþykkt, að gefa skyldi út stofnbréf fyrir slátrufjártillögum félagsmanna.

Aðaláfrýjandi hefir nú neitað því, að hann fram til ársins 1922 hafi fengið meiri slátrufjártillög frá gagnáfrýjanda, sem var félagsmaður í Sláturfélagi Suður-

lands, jafnframt því sem hann var félagsmaður í Kaupfélagi Skafftellinga, þar til hann sagði sig úr því í maímánuði 1922, heldur en samtals kr. 374.90 og gegn þessari neitun hefir gagnáfrýjandi ekki sannað, að meira hafi verið gildið. En þessar kr. 347.90 hafa honum verið greiddar með því að færa honum þær til tekna á stofnfjárreikningi hans, og af stofnbréfa reikningi hans má sjá, að stofnbréf hans hafa verið gefin út á nafn fyrir þessari upphæð.

Það verður nú að ganga út frá því, að gagnáfrýjanda hafi verið kunnugt um, að kaupfélagið áskildi sér gjald af hverri kind, er slátrað var í húsum þess, og verður þá að líta svo á, að hann hafi með því að láta slátra fé sínu í húsum kaupfélagsins umrætt tímabil undirgengizt að greiða gjaldið. Þar sem enn fremur framangreind fundarályktun 15. marz 1920, um að stofnbréf skyldi gefa út fyrir sláturfjárgjöldum þessum, verður að teljast gild samkvæmt félagslögnum og skuldbindandi fyrir gagnáfrýjanda, er þá var félagsmaður, og með því loks, að þetta stofnfé hans verður að lúta sömu lögum sem annað stofnfé í félaginu, þannig, að hann á ekki rétt á að fá það útborgað, þá verður einnig að sýkna aðaláfrýjanda af þessum hluta kröfunnar.

Að því, er snertir þær 272 kr. af aðalkröfu gagnáfrýjanda, er hann telur hafa verið greiddar í sláturgjöld árin 1922—1926, þá hefir aðaláfrýjandi haldið því fram, að sláturhús kaupfélagsins, er þá var byggt, hafi þessi árin verið leigt Sláturfélagi Suðurlands til slátrunarinnar fyrir ákveðið gjald af hverri kind, er sláturfélagið hafi greitt og leigunni verið varið til að greiða vexti af byggingarkostnaði og til viðhalds sláturhússins, og þar sem hér sé um samning milli félaganna að ræða, geti gagnáfrýjandi ekki átt neina

endurgjaldskröfu á hendur sér fyrir þessu ár. Þessu hefir gagnáfrýjandi ekki hnekk, og verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna aðaláfrýjanda af þessum hluta gagnkröfunnar.

Varakrafa gagnáfrýjanda, er felur í sér kröfu um útborgun á innieign hans í stofnfjárreikningi, 900 kr., og endurgjald á sláturfjárgjaldi árin 1922—26, 272 kr., verður af ástæðum þeim, sem hér hafa verið teknar fram, heldur ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í undirrétti og hæstarétti, er ákveðst samtals 350 kr. Það athugast, að mikill dráttur hefir orðið á rekstri málsins fyrir hæstarétti, en þetta á að mestu rót sína að rekja til langvarandi veikinda málflutningsmanns þess, er í fyrstu hafði tekið málið til flutnings.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Loftur Jónsson, greiði aðaláfrýjanda, Kaupfélagi Skaftfellinga kr. 847.13 með 5 % vöxtum frá 1. jan. 1927 til greiðsludags. Aðaláfrýjandi á sýkn að vera af öllum kröfum gagnáfrýjanda í gagnsökinni.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 350 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir aðalstefnandi, kaupfélagsstjóri Bjarni Kjartansson, f. h. Kaupfélags Skaftfellinga í Vik, höfðað fyrir gestarétti Skaftafellssýslu, með stefnu, útgefinni 15. júlí þ. á., gegn Lofti Jónssyni kaupmanni í Vik, til greiðslu verzlunarskuldar við

nefnt kaupfélag að upphæð kr. 863.33 með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir aftur á móti með gagnsök, er hann höfðaði með stefnu, útgefinni 16. júlí þ. á., krafizt þess, að aðalstefnandi, hér gagnstefndur, verði dæmdur til þess að greiða honum innistandandi stofnfé hans í Kaupfélagi Skaftfellinga (talið í gagnstefnunni kr. 900.00) og ennfremur samanlagða upphæð þess (með vöxtum), sem á hverju hausti hafi verið tekið af slátruðu sauðfé hans við sláturhúsið í Vik og hirt af aðalstefnanda (K. S.), eins og það upplýstist nema miklu, — allt með vöxtum 6 % o. s. frv.; svo krefst hann og málskostnaðar í gagnsökinni að skaðlausu eða eftir mati dómarsans —.

Þess skal þegar gefið, að mál þetta, sem þýðingu mun hafa fyrir fleiri en aðilja þess hér fyrir réttinum, virðist að ýmsu leyti eigi svo upplýst sem æskilegt væri fyrir örugg úrslit þess, sem vafalaust að nokkru stafar af því, að aðalstefnandi (gagnstefndur) hefir eigi gefið sér tíma til að taka neinn frest í málinu, en látið sér nægja að fá bókuð mótmæli sín m. m. í síðara réttarhaldi af þeim tveimur, sem háð hafa verið í aðalsök og gagnsök.

Eftir því, er ráða má af því, sem fram hefir komið fyrir réttinum, eða að öðru leyti er alkunnugt (notorískt), eru mála-vextir þessir:

I. Í aðalsök.

Aðalstefnandi telur gagnstefnanda skulda áminnstri félagsverzlun, út af verzlunarviðskiftum, hina umstefndu skuld, sem og virðist viðurkennt af síðarnefndum, nema að því, er hina viðlögðu og tilfærðu vexti snertir, sem hann mótmælir sem of hátt reiknuðum (fyrir síðastl. ár og þ. á. fram að stefnudegi). Þessum mótmælum neitar þó aðalstefnandi, sumpart sem of seint framkomnum, sumpart sökum þess, að gagnstefnandi sé »kaupmaður« og sé hér því um að ræða »viðskifti milli kaupmanna«. — Til greiðslu þessarar skuldar vill gagnstefnandi láta koma kröfur sínar í gagnsökinni eftir því, sem með þarf.

II. Í gagnsök.

1. Gagnstefnandi var áður félagsmaður í Kaupfélagi Skaftfellinga, en gekk úr því að því, er virðist, um eða nál. árinu 1922, en þá voru sett ný »lög« fyrir félagið með samþykktum þess 10. maí 1922, sem byggðust á sam-

vinnulögunum eða l. nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnu-félög, er innleiddu »samábyrgðina«; undir hana gekkst gagnstefnandi ekki, enda ekki skrásettur félagsmaður síðan. Frá félagstið sinni telst hann eiga innistandandi stofnfé, sem kaupfélagið virðist hafa gefið upp að væri hreint (þ. e. án viðbótar »sláturfjargjalds«), kr. 525.10, og þannig ekki eins mikið og gagnstefnan greinir, sem mun stafa af því, að félagið hefir í fyrstu talið með eitthvað af sláturfjargjaldi gagnstefnanda, er hann heldur aðskildu í kröfum sínum. — Þetta fé krefst nú gagnstefnandi að fá útborgað eða ráðstafað til greiðslu upp í skuld hans við félagsverzlunina, með þeim rökum, er vörn hans og gagnsókn greina. Því mótmælir aðalstefnandi (gagnstefndur) og telur gagnstefnanda engan rétt hafa til þeirrar útborgunar á stofnfénu samkvæmt lögum þeim, sem gilt hafa eða gilda í félaginu.

2. Annar hluti kröfu gagnstefnanda er til fjár þess, er aðalstefnandi, Kaupfélag Skafffellinga, hafi um hendur slátrunar Sláturfélags Suðurlands, í Vík tekið af honum, eins og öðrum slátrendum (þ. e. þeim, er sauðfé lögðu þangað til slátrunar) á hausti hverju frá því slátrun hófst í Vík og til þessa, sem hann telur eigi með neinum heimildum hirt og aðalstefnanda því beri að standa skil á til rétttra eigenda, þá er krafizt er, enda hljóti kaupfélagið að geyma fé þetta. — Einnig þessari kröfu mótmælir aðalstefnandi, og færir fram, að gagnstefnandi hafi eigi áður mótmælt þessum aðgjörðum K. S., þótt honum hafi verið þær kunnar, og jafnvel samþykkt þær með því að taka á móti skilríkjum fyrir þessu gjaldi í stofnbrefum félagsins, þar sem það hafi verið lagt við stofnféð, allt til og með árinu 1921, samkv. samþykkt' aðalfundar K. S., 15. marz 1920, o. s. frv.

Öllu þessu mótmælir aftur gagnstefnandi.

Niðurstaða málsins verður þessi:

Í aðalsökinni. — Krafa aðalstefnanda verður þar að takast til greina að upphæðinni til, eins og hún er tilfærð í stefnunni, þó þannig, að vextir fyrir næstliðið ár reiknist aðeins 5 % eins og viðskiftalög heimila, en eigi 7 % eins og aðalstefnandi virðist hafa gjört. Þykir eigi ofseint nú, að mótmæli gegn þessum ofreiknuðu vöxtum komi fram frá aðalstefndum,

fyrir árið 1926, þar eð eigi er gengið lengra aftur. Verður skuldarupphæðin þannig kr. 847.13. Af skuldinni verða og eigi reiknaðir nema 5 % vextir frá áramótum síðustu til stefnudags (15. júlí), með því að eigi verður fallizt á þá röksemdafærslu aðalstefnanda, að hér sé að ræða um viðskifti »milli kaupmanna«, þótt gagnstefnandi hafi verzlunarleyfi. Viðskifti hans við kaupfélagið, þau, er hin umstefnda skuld er risin af, eru eingöngu, að því er séð verður af því, sem fyrir liggur í málinu, sama eðlis og annara viðskiftamanna þess, er verzlað hafa þar og tekið út vörur, og er því hér um almenna verzlunarskuld að ræða.

Í gagnsökinni. — Þar verður að ákvarða um kröfur gagnstefnanda svo sem hér segir:

Við 1. Lög þau, sem giltu í K. S. fram að árin 1922, voru lögin frá 31. jan. 1911 (framlögð á rskj. nr. 3). — »Lög« þau fyrir félagið, sem aðalstefnandi einnig vitnar í, frá 16. marz 1920, virðast aldrei hafa náð fullu gildi eða komið til neinna framkvæmda, enda í þau tekið samábyrgðarákvæði, er félagsmenn þurftu að undirskrifa, en munu ekki hafa gjört. — Þar sem nú gagnstefnandi eigi gekk inn undir hinar nýju samþykktir frá 10. maí 1922 (og virðist einnig um það bil hafa sagt sig formlega úr félaginu), verður afstaða hans til félagsins að ákvarðast eftir lögunum frá 1911. — Gagnstefnandi hefir haldið því fram sem frumástæðu til útborgunar stofnfjárins í sínar hendur, að svo gagngjörð breyting hafi orðið á K. S. 1922, með hinum nýju samábyrgðar-samþykktum, að nýtt félag hafi í raun og veru stofnast, en hið eldra »uppleyst«. Þó að það sé að visu rétt, að slið höfuðbreyting, sem varð á tilhögun og grundvelli K. S. eins og fleiri kaupfélaga í landinu, með ákvæðunum 1922, er aftur leiddu af samvinnulögunum, sem Alþingi samþykkti 1921, því að þar með innleiddist, eins og getið hefir verið, hin ótakmarkaða samábyrgð í kaupfélagsskapinn, stappi nærri því, að með henni hafi myndast nýtt félag, en hið eldra undir lok liðið, þá verður þó eigi talin full ástæða til þess að ganga út frá, að svo hafi í raun og veru orðið, heldur að það hafi verið tilgangurinn, að hið sama félag héldi áfram, eftir sem áður, aðeins í þessari breyttu mynd, enda er eigi kunnugt né heldur upplýst í málinu, að

nein gangskör hafi að því gjörð verið að leysa félagið (K. S.) upp samkvæmt 36. gr. laganna frá 1911. Verður því eigi fallizt á, að hins umstefnda stofnfjár verði krafizt með upplausn félagsins 1922 fyrir augum, samkv. 11. gr. nefndra laga. Kemur því aðeins til álita, hvort útborgunar verði krafizt af öðrum rökum eða með heimild í öðrum ákvæðum sömu laga.

Hin tilvitnaða 11. gr. oftnefndra félagslaga frá 1911 segir nú berum orðum, að stofnbréfin séu »óuppsegjanleg« (»þangað til félagið er leyst upp« o. s. frv.). Tvær undantekningar virðast löggin gjöra á þessu (áþekkt samþykktunum frá 1922, sem þó greina fjórar), í 12. og 13. gr., þar sem bæði er gjört að skyldu að innleysa stofnbréfin og gjört ráð fyrir innlausn, sem sé, ef a) félagsmaður flytur »burt af félagssvæðinu« (12. gr.) og b) eigandi stofnbréfs deyr (13. gr.). Auk þess getur komið til innlausn á stofnbréfi, ef framsal ekki fæst (12. gr.). Löggin tala ekki um, hvernig fari með stofnfé þess, er segir sig eða gengur úr félagsskapnum, en er þó lifs og áfram á félagssvæðinu, eins og á sér stað um gagnstefnanda. Er þá spurning um, hvort um innlausn eða útborgun á stofnfé slíks úrgengins félagsmanns geti orðið að tala per analogiam við 12. eða 13. gr. En þegar athugað er, að fyrir félagsskapinn kemur þetta alls ekki í sama stað niður, né heldur verður að teljast tilgangurinn að láta laust stofnfé manna, þótt úr gangi, nema henta þyki, og þess vegna öðru máli að gegna, ef félagsmaður fer burt staðlega eða fyrir fullt og allt, svo að útilokað má þykja, að hann geti verið lengur í félaginu, — þá verður ekki slíkt hliðstæði fyrir hendi, að sömu reglur megi um gilda.

Verður því eigi heldur undir þessum atvikum fallizt á útborgunar- eða innlausnarskyldu. — Þessari niðurstöðu virðist ekki geta breytt það atriði, þótt stjórn félagsins hafi ef til vill, eins og gagnstefnandi ómótmælt heldur fram, greitt út til manna, er úr félaginu hafa farið og líkt stendur á um og hann, stofnfé þeirra að miklu eða litlu leyti, sem þá hefir verið gjört án skyldu, en sem samkomulagsmál, og að sjálfsögðu aðeins á ábyrgð þeirra stjórnenda, er það gjörðu.

Annað mál er, að telja verður, að úrgenginn félagsmaður eigi stofnfé sitt áfram sem eign, innistandandi í

félaginu með tilfallandi vöxtum (sbr. 7.—9. gr. fé.l. 1911), er borga beri út eiganda eða erfingjum hans, ef félagið leysist upp (36. gr.), nema gjaldþrot þess eða því. teljist að geta komið til út af þá stofnuðum skuldbindingum, er hann var meðlimur (34. gr. síðast, sbr. þó 6. gr. samþykktanna frá 1922), eða loks ef og þegar fullnægt er áður umtöluðum innlausnarskilyrðum laganna.

Kröfu gagnstefnanda um útborgun á stofnfé hans í K. S., enda þótt greiðast ætti upp í verzlunarskuld hans við sama félag, verður því af framangreindum ástæðum eigi unnt að taka til greina.

- Við 2. Það má telja upplýst — og er að öðru leyti alkunnugt —, að við sláturstöð Sláturfélags Suðurlands í Vík hefir á hverju hausti, árum saman undanfarið (eða síðan slátrun Sf. Sl. hófst þar), verið tekið sérstakt aukagjald (sem sé auk alls annars kostnaðar af slátruninni leiðandi) af hverri kind, sem fjáreigendur hafa látið slátra, misjafnlega hátt (svo sem 1 kr., 75 aur., 50 aur. o. s. frv.), og hefir þetta gjald verið hirt af Kaupfélagi Skafftellinga í Vík, er virðist hafa tekið sér einskona ákvörðunarrétt á því, en þar hafa mjög svo sömu menn staðið að forstöðu við báðar stofnanir. Það er algjörlega opinbert mál, að almenningur héraðsins, sem slátrað hefir hjá Sf. Sl. í Vík — og sumpart er í K. S. og sumpart ekki —, hefir meira og minna véfengt heimild kaupfélagsins til þessa, sem menn hafa talið því alveg óviðkomandi, ekki sízt síðan bert varð, að »fjársöfnun« þessi gat ekki verið rekin með það fyrir augum að byggja slátruhús í Vík, er væri almenningseign, m. a. af því að kaupfélagið sjálft gjörði það, og hefir hús það nú um hrið verið og er eign sjálfs félagsins, að því er það virðist telja bæði í orði og á borði. Það verður og hvergi fundið, að K. S. hafi fengið eina eða neina löglega heimild til þess að hirða gjald þetta, en tækt virðist það því aðeins hafa verið, að forstöðumenn þessara (raunar óskyldu) stofnana í Vík héldu eða létu halda því eftir af slátrufjárandsvirði almennings. Það verður sem sé alls ekki talið hafa neitt gildi í þessu sambandi, þótt félagið sjálft (sá, er tekur) samþykki eitt eða annað á félagsfundum sínum, um að taka fé af mönnum, og það einnig mörgum utanfélagsmönnum, er slátra hjá Sf. Sl. í Vík, ef þeir sjálfir hafa ekki skirlega skuld-

bundið sig til að hlíta því eða sérstaklega, hver og einn, gefið óvæfenganlegt samþykki sitt til þessa. Og þó að K. S. hafi í framhaldi af þessu fært þetta gjald inn í stofneign félagsmanna, á sitt eindæmi, og síðan gefið út stofnbréf á það og afhent mönnum (sem reyndar virðist mótmælt af gagnstefnanda, að hafi átt sér stað að því, er hann snertir), þá verður ekki litið svo á, að þeir hafi með því að taka á móti bréfunum skuldbundið sig til samþykktar á þessu, enda munu bréfin ekki bera það með sér, að þetta gjald sé þar inn runnið, né lög kaupfélagsins gjöra ráð fyrir slíkri stofnfjárukningu.

Hvort eða að hve miklu leyti fjársöfnun þessi, eða meðferð fjárens, varði á annan hátt við lög landsins, liggur eigi hér fyrir að dæma um. En eigi virðist geta komið til mála annað en að viðurkenna, að þeir, er það vilja, geti krafizt fullrar útborgunar á þessu tekna fé, hvenær sem er, ásamt hæfilegum vöxtum. Og þar sem vitanlegt er, enda framhaldið í málinu af gagnstefnanda og í aðalatriðum viðurkennt af aðalstefnanda, að K. S. hefir hirt gjald þetta — og ef nokkur veruleg breyting hefir á þessari hirðingu orðið upp á síðkastið, hefir aðalstefnandi engar fullnægjandi upplýsingar gefið, sem honum þó hefði borið, um það, hver hefir nú tekið við eða hvar féð er geymt fyrir síðari árin —, þá verður að svo vöxnu að telja því félagi (þ. e. aðalstefnanda) skylt að svara hér til sakar og standa skil á fénu frá fyrst til síðast.

Skilagrein fyrir fjárgjaldi þessu (hve mikið hafi verið tekið frá hverjum á hausti hverju, eða hverri upphæð féð samkvæmt því næmi alls, eða hvernig geymt og ávaxtað) mun, að því er séð verður, aldrei hafa verið gefin almenningi öllum, sem hlut hefir átt að máli. Þó verður að ganga út frá, að full skilríki hljóti að fyrirfinnast fyrir öllu hér að lútandi, frá ári til árs, í bókum eða plöggum hjá Sf. Sl. (sláturstöðinni í Vik) eða (og) hjá K. S., en ekkert um það hefir verið lagt fram í réttinum.

Þar sem ekki hefir verið sýnt fram á, að gagnstefnandi hafi fyrir sitt leyti afsalað sér rétti til að krefjast umrædds fjár, sem hann telst eiga innistandandi hjá K. S., verður samkvæmt því, sem nú hefir greint verið, að taka

kröfu hans um útborgun þess til greina, að svo miklu leyti, sem önnur ráðstöfun, er lögleg teldist, hefir eigi þegar farið fram á því eða hluta þess. Virðist þar geta komið til mála, að eitthvað af því hefði gengið til að greiða leigu fyrir sláturhúsið, vegna slátrunarinnar að haustinu, sem þó aldrei gæti verið nema minni hlutinn af því, sem inn hefir komið. En um þetta vantar glöggar upplýsingar, sem aðalstefnandi hefði haft bezt tök á að gefa. Því er nú haldið fram af gagnstefnanda, að húsaleigan hafi verið greidd beinlínis af Sf. Sl., og þá að sjálfsögðu gjört fyrir henni í því, sem haldið er ætíð eftir af andvirði sauðfjárins til að standast kostnað allan við slátrunina, sem einnig virðist vera eðlilegast; hafi því hið safnaða fé ekki gengið til þessa. Þetta virðist og í sjálfu sér viðurkennt af aðalstefnanda, þar sem hann sumpart telur, að hið innkomna gjald hafi (fram yfir árið 1921) verið lagt við stofnfé félagsmanna í kaupfélaginu, og sumpart beinlínis jatar, að Sf. Sl. hafi, að m. k. síðari árin, greitt leiguna til K. S. Verður þannig eigi séð, að neitt af þessu fé hafi gengið til greiðslu húsaleigunnar, enda liggur ekkert fyrir um, að almenningur, sem sækir til sláturhússins í Vik, hafi fyrirfram verið um slíka ráðstöfun aðvaraður. Og um aðra notkun fjárins með löglegum heimildum, er í málinu ekkert upplýst. — Getur því eigi frá því sjónarmiði talizt að vera neitt til hindrunar fullri útborgun hér um krafðs fjár í hendur gagnstefnanda, það er honum telst bera, og með skuldajöfnuði, það er nemur, við umstefnda skuld í aðalsök.

Vegna áðurgreindra vantandi upplýsinga um rétta fjárhæð þess, sem gagnstefnandi gæti átt heimtingu á af margumræddu sláturfjárgjaldi — frá hverju ári um sig og samanlagt allt til þessa, — verður að ákvarða það, er til útborgunar kemur, samkvæmt því, er rétt reynist uppgefið úr bókum eða reikningsplöggum hér áminnstra félaga (Sf. Sl. og K. S.).

Af sláturfjárgjaldinu virðast vextir hæfilega reiknaðir 5 % p. a. fram að stefnudegi 16. júlí s.l., en síðan 6 % til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málalyktum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í aðalsök og gagnsök.
